



Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík

Á fundi forsætisnefndar þann 3. september sl. var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 2. febrúar 2021, til meðferðar borgarráðs:

Borgarstjórn samþykkir að fara í þrjúættar aðgerðir til að bæta loftgæði í borginni. Í fyrsta lagi að auka þríf á götum borgarinnar, í annan stað að auka viðbragðstíma snjómoksturs og í þriðja og síðasta lagi að veita afslátt af gjaldskyldum bílastæðum fyrir þá sem ekki aka á nagladekkjum. Umhverfis- og skipulagssviði verði falin nánari útfærsla sem lögð verði fyrir skipulags- og samgönguráð eigi að síðar en 15. febrúar næstkomandi. Samvinna verði höfð við Vegagerðina og nágrennasveitarfélögin með hagkvæmni og loftgæði að leiðarljósi.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 19. október sl.

Umsögn:

Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030 var samþykkt í borgarstjórn 5. október 2021 ásamt aðgerðaáætlun fyrir árin 2021-2023. Ein af aðgerðum stefnunnar er 1.12 Bætt loftgæði - Stefna og aðgerðir sem er á ábyrgð heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssviðs í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Samráð verði haft við hagsmunaaðila við mótun stefnunnar.

Aðgerðin er svohljóðandi:

Reykjavík leggi metnað í góð loftgæði og setji sér heildstæða loftgæðastefnu sem feli í sér langtímamarkmið og horfi einnig til sívöktunar loftgæða og til þess með hvaða aðgerðum megi bregðast skjótt við þá daga og tímabil þar sem loftgæði eru slæm.

Stefna og aðgerðir byggja á eftirfarandi markmiðum: 1. Halda svifryksmengun innan lögbundinna marka, 2. Minnka hlutfall negldra dekkja, 3. Orkuskipti, 4. Breyting á ferðavenjum.

Stefna og aðgerðir feli í sér áherslur til að draga úr ótímabundnum dauðsföllum af völdum loftmengunar og í henni verði dregnar saman þær langtímaaðgerðir sem eru í gangi á mörgum sviðum í stefnumarkandi skjali.

Aðgerðaáætlun feli í sér bæði beinar og óbeinar stýringaraðgerðir. Hún verði einnig uppfærð

á grundvelli nýrra umferðarlaga og horft til samstarfs á höfuðborgarsvæðinu og hugmynda og aðgerða sem gripið hefur verið til í nágrennaborgum og Evrópu, s.s. varðandi nagladekk og hraða umferðar. Jafnframt verði stefnt að samstarfi við umhverfisstofnun um að fjölga loftgæðamælum í Reykjavík.

Aðgerðaáætlunin verði samræmd viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur það markmið að skilgreina skammtímaaðgerðir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði í borginni í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1998 og 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum og áætlun um loftgæði á Íslandi, Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík, dags. 2. febrúar 2021.

Umsögn borgarlögmans um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík, dags. 1. júlí 2021.

Aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu 2021-2023, samþykkt í borgarstjórn 5. október 2021.

Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík

Á fundi forsætisnefndar þann 3. september 2021 var lögð fram að nýju tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 2. febrúar 2021. Einnig lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. 1. júlí 2021.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði var tekin fyrir í borgarstjórn 2. febrúar. Henni var vel tekið í orði, enda brýnt að minnka svifryk. Ekki var þó vilji til að samþykkja hana á þeim fundi, en í staðinn var borgarlögmanni falið að skoða hvort heimilt væri að framkvæma tillöguna. Eftir sex mánaða skoðun er niðurstaðan skýr: Engir lögfræðilegir ágallar eru á tillögunni. Nú er henni vísað til borgarráðs. Vonandi verður sátt um hana í heild, enda jákvætt fyrir borgarbúa að borgin sé þrífín betur, snjór sé mokaður tímanlega svo minni þörf sé fyrir nagladekk og gjaldskrá í bílastæði taki betur mið af umhverfisþáttum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Er ekkert verið að grínast í okkur að það þurfi 4 blaðsíðna umsögn borgarlögmans til að koma sér undan tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavíkurborg? Umhverfishjal meirihlutans eru staðlausir stafir og það sést best á því hvað verið er að henda málinu fram og til baka í kerfinu í stað þess að fella tillöguna strax.

Bjarni Þóroddsson
e.u.

Hjálagt:
Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 2. febrúar 2021
Umsögn borgarlögmans, dags. 1. júlí 2021

BORGARSTJÓRN 2. febrúar 2021: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík - R21020042

Borgarstjórn samþykkir að fara í þrjú þættar aðgerðir til að bæta loftgæði í borginni. Í fyrsta lagi að auka þríf á götum borgarinnar, í annan stað að auka viðbragðstíma snjómoksturs og í þriðja og síðasta lagi að veita afslátt af gjaldskyldum bílastæðum fyrir þá sem ekki aka á nagladekkjum. Umhverfis- og skipulagssviði verði falin nánari útfærsla sem lögð verði fyrir skipulags- og samgönguráð eigi að síðar en 15. febrúar næstkomandi. Samvinna verði höfð við Vegagerðina og nágrannasveitarfélögin með hagkvæmni og loftgæði að leiðarljósi.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti 4. september 2018 að svifryk fari ekki yfir heilsuverndarmörk með því að nýta tiltæk úrræði sem bæta loftgæði í borginni. Málið er brýnt enda áætlað Umhverfisstofnun Evrópu að sextíu ótímabær dauðsföll á Íslandi megi rekja til svifryksmengunar árlega.

Endurskoðuð viðbragðsáætlun borgarinnar um loftgæði, hefur ekki tryggt að þessum markmiðum borgarstjórnar hafi verið náð heldur þvert á móti hefur magn svifryks í Reykjavík ítrekað farið yfir heilsuverndarmörk, a.m.k. 25 sinnum eftir að einróma samþykkt borgarstjórnar frá 2018. Þetta staðfesta tölur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Hér er lagt til að skerpa á stefnumörkun borgarinnar varðandi þau þrjú meginatriði sem nefnd eru í tillögunni til þess að fylgja eftir samhljóða samþykkt borgarstjórnar frá árinu 2018.

Í fyrsta lagi er lagt til að auka þríf á götum borgarinnar. Ljóst er að þríf í borgum sem við viljum helst bera okkur saman við eru mun metnaðarfullri en hjá Reykjavíkurborg. Ef við skoðum Ósló t.d. kemur í ljós að stórmunur er á borgunum en Reykjavík er ekki hálfdrættingur á við Ósló. Þríf í Ósló eru umtalsvert meiri og markvissari heldur en í Reykjavík. Sem dæmi má nefna að miðborg Óslóar er þrífinn einu sinni á sólarhring á meðan miðborg Reykjavíkur er þrífinn mun sjaldnar. Þá eru stofnbrautir þrífnaðar tvisvar í mánuði í Ósló á meðan í Reykjavík eru þær þrífnaðar tvisvar til þrisvar á ári. Þríf á húsagötum eru með svipuðu sniði og í Ósló. Með auknum þrifum má koma í veg fyrir mikið svifryk og uppþyrlun á því í roki og vegna stórra ökutækja, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Í annan stað er lagt til að auka viðbragðstíma snjómoksturs en borið hefur á því þegar snjóar í Reykjavík að borgarþúar lendi í vandræðum, þá sérstaklega í efri byggðum, og treysta sér þar af leiðandi ekki til annars en að hafa ökutæki sín á nagladekkjum. Hér getur borgin gert mun betur.

Í þriðja lagi er lagt til að þeir sem ekki notast við nagladekk fái afslátt af stöðugjöldum í gjaldskyldum stæðum borgarinnar. Sá sem er á nagladekkjum greiðir þá hærra en sá sem ekki er á nagladekkjum.

Þessar þrjú aðgerðir eru hófstílltar og algjörlega á forræði borgarinnar sjálfrar. Það er því einboðið að borgarstjórn standi jafn einhuga að þessum framförum eins og því meginmarkmiði að svifryk fari ekki yfir viðmiðunarmörk í borginni.

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Umsögn borgarlögmans um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavíkurborg

Á fundi borgarstjórnar 2. febrúar 2021 var eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt loftgæði í Reykjavík vísað til umsagnar borgarlögmans:

Borgarstjórn samþykkir að fara í þríþættar aðgerðir til að bæta loftgæði í borginni. Í fyrsta lagi að auka þrif á götum borgarinnar, í annan stað að auka viðbragðstíma snjómoksturs og í þriðja og síðasta lagi að veita afslátt af gjaldskyldum bílastæðum fyrir þá sem ekki aka á nagladekkjum. Umhverfis- og skipulagssviði verði falin nánari útfærsla sem lögð verði fyrir skipulags- og samgönguráð eigi síðar en 15. febrúar næstkomandi. Samvinna verði höfð við Vegagerðina og nágrannasveitarfélögin með hagkvæmni og loftgæði að leiðarljósi.

Nánar tiltekið má ráða af bókun borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna sem lögð var fram undir málinu að einungis sá hluti tillögunnar sem lýtur að hugsanlegum afslætti af gjaldskyldum bílastæðum fyrir þá sem ekki aka bifreiðum með negldum hjólbörðum var vísað til umsagnar borgarlögmans, en umrædd bókun er svohljóðandi:

Rannsóknir styðja ekki að aukin þrif eða styttri viðbragðstími vegna snjómoksturs séu markvissar leiðir til að bæta loftgæði. Gjöld á nagladekk geta hins vegar verið það og er því fallist á að vísa þeim hluta tillögunnar til frekari skoðunar við endurskoðun loftgæðaáætlunar borgarinnar. Fengin verði umsögn borgarlögmans varðandi lagalega þætti.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmans um lagalega þætti varðandi veitingu hugsanlegs afsláttar af gjaldskyldum bílastæðum fyrir þá sem ekki aka bifreiðum með negldum hjólbörðum.

I.

Gjaldskyld bifreiðastæði

i) Umferðarlög nr. 77/2019

Í 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, er fjallað um stöðukort og stöðureiti. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er sveitarstjórn heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir

hana á landi sem er í umráðum hennar, þ. á m. á þjóðlendum. Reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfa samþykki lögreglustjóra til að öðlast gildi. Þá kveður ákvæði 3. mgr. 86. gr. umferðarlaga á um að sveitarstjórn innheimti gjald samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins á stöðureitum á landi í umráðum hennar og á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Sambærilegt ákvæði var að finna í 2. mgr. 83. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, þegar við setningu laganna. Það tók til heimildar sveitarstjórnar til setningar reglna um notkun stöðureita og töku gjalds fyrir hana í kaupstað eða kauptúni að fengnu samþykki lögreglustjóra. Þannig voru þjóðlendum undanskildar gjaldtökuheimild laganna.

Á grundvelli 2. mgr. 83. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, voru settar reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku vegna hennar í Reykjavík í febrúar árið 1988. Samkvæmt 1. gr. reglnanna ákveður borgarráð, að fengnum tillögum frá umferðarnefnd, hvar á götum og opnum svæðum verði lögð á gjaldskylda með uppsetningu stöðumæla. Þá er í 3. gr. reglnanna mælt fyrir um að borgarráð ákveði gjald og tíma gjaldskyldu fyrir stöðu ökutækis á stöðumælareit og aukinheldur hvað ökutæki megi vera lengi samfelt á reitnum. Á grundvelli tilvitnaðra ákvæða laga og eigin reglna hefur Reykjavíkurborg tekið ákvarðanir um notkun stöðureita, gjaldtöku og gjaldskyldutíma vegna hennar á götum og opnum svæðum í borgarlandinu.

Gjald vegna bifreiðastæða í bílastæðahúsi er hluti af gjaldskrá Reykjavíkurborgar ár hvert og er gjaldið lagt á og innheimt á grundvelli hennar í krafti eignarhalds Reykjavíkurborgar á bílastæðahúsum sem einkaréttarlegt gjald fyrir tímabundin afnot af fasteignum borgarinnar en ekki ákvæða umferðarlaga eins og á við um gjaldskyld bifreiðastæði á götum og opnum svæðum í borgarlandinu.

Í þessu sambandi má geta þess að ákvæði 85. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, fjallar um takmörkun eða bann umferðar um stundarsakir. Ákvæði 4. mgr. 85. gr. mælir meðal annars fyrir um að ráðherra geti sett reglur um notkun negldra hjólbarða, þar með talið hvenær og við hvaða aðstæður notkun þeirra er heimil. Umrædd heimild hefur enn sem komið er ekki verið nýtt.

ii) Reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja

Í kafla 16.02 í reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, er fjallað um hjólbarða með nöglum eða keðjum. Ákvæði 1. gr. kaflans mælir fyrir um að skylt sé að hafa snjókeðjur á hjólum eða eftir akstursaðstæðum annan búnað, til dæmis grófmynstraða hjólbarða (vetrarmynstur), með eða án nagla sem veitt geti viðnám þegar snjór eða ísing er á vegi.

Þannig er einungis skylt að hafa grófmynstraða hjólbarða sem veitt geta viðnám þegar snjór eða ísing er á vegi að vetrarlagi en af því leiðir að hjólbarðar með nöglum eru valkvæðir þar sem lagaskyldan nær aðeins til þess að hafa grófmynstraða hjólbarða.

Ekki er að finna ákvæði í lögum eða reglugerðum sem hafa eða kunna að hafa áhrif á það hvort sú tillaga sem hér er til umfjöllunar geti náð fram að ganga.

iii) Fyrri ívilnanir

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði voru reglur um visthæfar skífur fyrst settar 2. ágúst 2007. Frá og með þeim tíma hefur eigendum/notendum ákveðinna tegunda visthæfra bifreiða staðið til boða sérstök skífa, svonefnd vistskífa, sem veitir 90 mínútna endurgjaldslausan aðgang að gjaldskyldum bifreiðastæðum á svæðum P1-4 í Reykjavík. Á hinn bóginn hefur í reglunum frá upphafi verið kveðið á um að heimild þessi fellur niður ef visthæf bifreið sem uppfyllir skilyrði til að fá skífu er á negldum hjólbörðum.

Hinn 1. janúar 2020 tóku gildi nýjar reglur um vishæfar bifreiðar í Reykjavík. Með reglunum hefur verið þrengt hvaða vishæfu bifreiðar eiga rétt á gjaldfrelsi frá því sem áður gildi, en nú eiga bifreiðar sem ganga ýmist eingöngu fyrir rafmagni, rafgeymabifreiðar og eru með skráða lengd minni en 5 m eða fyrir vetni og eru með skráða lengd minni en 5 m rétt á vistskífum.

Þannig hefur Reykjavíkurborg um árábil veitt ívilnanir til handa eigendum/notendum bifreiða sem ekki eru búnar negldum hjólbörðum að því gefnu að þær séu knúnar með umhverfissvænum orkugjöfum. Sú tillaga sem hér er óskað umsagnar um tekur á hinn bóginn til ívilnunar sem gengur ekki jafn langt og fyrri ívilnanir, þ.e. ekki til niðurfellingar gjaldskyldu heldur til afsláttar handa eigendum/notendum bifreiða, óháð því hvort þær teljist vera vishæfar gegn því skilyrði að þær séu ekki búnar negldum hjólbörðum. Þá verður ekki annað séð en að umrædd tillaga um afslátt af gjaldskyldu styðjist við hlutlægt og málefnalegt viðmið, þ.e. að veiting afsláttar eigi að taka til allra bifreiða án nagladekkja og þar sem neikvæð áhrif nagladekkja á loftgæði og vegi eru alkunnug.

II.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, stefnumörkun og verklagsreglur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er mælt fyrir um að unnin skuli markviss áætlun um gjaldskyldu bílastæða í borgarlandinu. Hinn 29. ágúst 2018 samþykkti skipulags- og samgönguráð erindisbréf fyrir stýrihóp um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum. Á meðal verkefna stýrihópsins var að vinna tillögu um annars vegar verklag við fjölgun gjaldskyldusvæða í borginni og hins vegar endurskoðun gjaldskrár og gjaldskyldutíma bílastæða í borgarlandi og endurskoðun á lögum/reglum til að auðvelda breytingar á gjaldskrá.

Skýrsla stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum (Tillögur um stýringu bílastæða) lá fyrir í júní 2019. Þar kemur fram að hópurinn setji meðal annars fram verklagsreglur um annars vegar innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og hins vegar verðbreytingar gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur. Tillögur stýrihópsins um gjaldskrárbreytingar byggist á gögnum um bílastæðanýtingu í borgarlandi sem aflað hafi verið haustið 2018 og vorið 2019, auk þess sem þær taki mið af áður nefndum verklagsreglum.

Í samantekt skýrslu stýrihópsins er vísað til Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 þar sem mælt er fyrir um að unnin skuli markviss áætlun um gjaldskyldu bílastæða í borgarlandinu. Jafnframt er í skýrslunni vísað til markmiðs aðalskipulagsins um að auka hlutdeild almenningsgangna í ferðum til og frá vinnu, en einn þáttur í að ná því markmiði felist í aukinni hlutdeild gjaldskyldra bílastæða árlega.

Með umræddri skýrslu lagði stýrihópurinn fram tillögur að verklagsreglum annars vegar um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og hins vegar um verðbreytingar gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur. Tilgangur beggja þessara verklagsreglna er samkvæmt 1. gr. þeirra að tryggja gagnsæi og opið verklag við skilgreiningu nýrra gjaldsvæða fyrir bílastæði á borgarlandi Reykjavíkur. Þá er markmið beggja umræddra reglna samkvæmt 3. gr. þeirra að stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í borgarlandinu með því að stýra eftirspurn þeirra í því skyni að styðja við þjónustuaðila, gesti og íbúa. Ekki er að finna ákvæði í umræddum verklagsreglum sem hafa eða kunna að hafa áhrif á það hvort sú tillaga sem hér er til umfjöllunar geti náð fram að ganga.

III.

Samandregnar niðurstöður

Ekki er að finna ákvæði í lögum, reglugerðum eða eigin reglum Reykjavíkurborgar sem hafa eða kunna hafa áhrif á að unnt sé að samþykkja þá tillögu sem hér er til umsagnar. Þá má færa rök fyrir því að efni tillögunnar sé í samræmi við tilmæli Reykjavíkurborgar en Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár bent á að notkun negldra hjólbarða innan borgarlandsins sé óþörf. Eins og greinir að framan þá er ákvörðun um gjaldtöku á bílastæðum í borgarlandi Reykjavíkur á ábyrgð og forræði borgarráðs, sbr. 1. og 3. gr. reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku hennar í Reykjavík frá 1988. Viðbúið er að við undirbúning hugsanlegrar ákvörðunar af þessum toga þurfi að fara fram fjárhagsleg greining á áhrifum þess að veita afslátt með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir. Jafnframt er bent á að við útfærslu þarf mögulega að taka mið af því að samkvæmt kafla 16.02 í reglugerð nr. 822/2004 er óheimilt að nota neglda hjólbarða frá og með 15. apríl til og með 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna.

Ebba Schram



Aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu

2021-2023



Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030

Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. október 2021.

Aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu 2021-2023



Fyrsta aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu Reykjavíkur nær til ársloka 2022 og er áhersla á reglubundna endurskoðun hennar. Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur stefnunnar voru hafðar til hliðsjónar við mótun aðgerðaáætlunar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð aðgerðaáætluninni í samvinnu við fagsvið þar sem við á.

Í öllum greiningum á gögnum og við útfærslu og framkvæmd aðgerða verður tekið mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og þeim breytum og hópum sem þar má finna. Horft verður til kyns, uppruna, aldurs, fötlunar, hinseginleika, líkamsgerðar, efnahags o.fl.

Endurskoðun aðgerðaáætlunar er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samvinnu við fagsvið, stýrihóp og faghóp Reykjavíkurborgar um lýðheilsu.

Við innleiðingu og endurskoðun aðgerðaáætlunar verður einnig viðhaft samstarf við ýmsa samstarfsaðila og ber þar helst að nefna Embætti Landlæknis.

Til viðbótar við aðgerðaáætlun stefnunnar eru fjölmargar aðgerðir sem falla undir aðrar stefnur og málaflokka Reykjavíkurborgar en eru til þess fallnar að stuðla að bættri lýðheilsu í Reykjavík. Yfirlit yfir þessar aðgerðir og starfsemi má sjá í viðaukanum Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar. Slíkt yfirlit verður aldrei tæmandi.

Yfirlit markmiða og aðgerða

Meginmarkmið

Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum

Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir

Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

Áherslur

Heilsueflandi borg

Fyrirmyndarborg í forvörnum

Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

Jöfnuður

Þátttaka allra

Öryggi og friður

Samstarf um heilbrigða borg

Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum mælingum

Sjálfbært velsældarhagkerfi

Aðgerðir

Lýðheilsusjóður heilsueflandi hverfa

Hugum að fyrstu árum barnsins

Aðgerðir til að bæta félagsfærni og líðan barna og unglinga

Fræðsluáttak um heilsulæsi og lýðheilsu í Reykjavík

Vinnustaðir Reykjavíkurborgar heilsueflandi fyrir 2025

Innleiðing gátlista Heilsueflandi samfélags

Allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar heilsueflandi fyrir 2025

Mikilvægi svefns fyrir heilsu og líðan

Gerum holla valið auðvelda valið

Heilsuefling aldraðra og aldursvæn borg

Mótun forvarnaráætlunar 2021-2025

Aðgerðaráætlun um bættu líðan barna og ungmenna - Starfshópur

Virk þátttaka 16-25 ára ungmenna

Bætt loftgæði - Stefna og aðgerðir

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2021-2025

Umferðaröryggisáætlun og hámarkshraðaáætlun

Framfylgd Aðalskipulags og lýðheilsa

Innleiðing matarstefnu Reykjavíkurborgar

Rannsókn á félagslegu landslagi og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík

Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík

Hinseginleiki og lýðheilsa

Frístundir í Breiðholti - tilraunaverkefni til að auka þátttöku í frístundastarfi

Atvinnu- og virkniúrræði

Aðgerðir gegn einmanaleika - kortlagning og mótun aðgerðaáætlunar

Almannavarnir - Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og viðbragðsáætlanir

Þátttaka í lýðheilsuborgarsamtökum Evrópu og skipan stýrihóps Reykjavíkur

Faghópur um lýðheilsu

Heilsa og líðan eftir Covid - Starfshópur um greiningu gagna um heilsu og líðan

Lýðheilsuvísar og mælaborð borgarbúa - Kortlagning og þróun

Lýðheilsumat Reykjavíkur - Þróun og innleiðing

Lýðheilsugátlistar í hverfisskipulagi - Þróun og innleiðing

Skilgreining á birtingu mælikvarða sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi og aðlögun þeirra að mælikvörðum lýðheilsustefnu, ISO-37120 og mælaborði borgarbúa

1.1 Lýðheilsusjóður Heilsueflandi hverfa

Aðgerð:

Reykjavíkurborg er virkur þátttakandi í starfi Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag, og er í þéttu samstarfi við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og önnur sveitarfélög um bestu framkvæmd og þróun starfsins. Innleiðing Heilsueflandi samfélags styður við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heilsueflandi samfélag í Reykjavík er unnið að miklu leyti í gegnum þjónustumiðstöðvar borgarinnar undir yfirskriftinni Heilsueflandi hverfi.

Í tilraunaskyni árin 2022-2023 er komið á fót lýðheilsusjóði Heilsueflandi hverfa þar sem árlega er 30 milljónum úthlutað til þjónustumiðstöðva í framkvæmd verkefnisins, sem deilist skv. íbúafjölda. Taka skal mið af markmiðum Heilsueflandi samfélags við ráðstöfun fjármuna og áhersla lögð á sýnileika verkefnisins. Verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd verkefnisins á þjónustumiðstöðinni bera ábyrgð á úthlutun skv. úthlutunarreglum sjóðsins og skila yfirliti með rökstuðningi í lok október ár hvert.

Ábyrgð:

Velferðarsvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur:

Almenningur.

Tilraunaverkefni 2022-2023.

Kostnaður:

30 milljónir á ári.

Mælikvarði:

Lýðheilsuvísar og gátlistar Heilsueflandi samfélags.

1.2 Innleiðing gátlista Heilsueflandi samfélags

Aðgerð:

Vinnsla gátlista á vefnum www.heilsueflandi.is er veigamikill hluti af markvissu heilsueflingarstarfi innan Heilsueflandi samfélags. Yfirferð þeirra veitir innsýn í stöðuna og í framhaldi eru þeir vinnutæki til að halda utan um starfið og meta framvindu þess.

Reykjavíkurborg hefur sex mismunandi aðganga að vinnusvæðinu, á tveimur mismunandi stigum. Einn aðgangur er á ábyrgð verkefnastjóra lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem lagt er mat á stöðu borgarinnar í heild sinni.

Þjónustumiðstöðvar borgarinnar hafa svo hver sinn aðgang, á ábyrgð þeirra verkefnastjóra sem starfa

við heilsueflingu og forvarnir, þar sem lagt er mat á stöðuna í þeim hverfum sem miðstöðinni tilheyra.

Fylla þarf út alla gátlistana sjö og draga í þeim grunnlínu. Miðað er við að þessu verði lokið 30. júní 2022. Þá skal velja einn eða fleiri gátlista til að vinna með næsta árið. Í lok hvers tímabils (fyrir 30. júní) er farið yfir þau atriði í þeim gátlista sem unnið var með og merkt aftur við ef breyting hefur orðið. 30. júní 2023 ætti þá að vera búið að draga grunnlínu í öllum gátlistum og vinna eitt heilt tímabil með ákveðna gátlista, og teljast gátlistarnir þá að fullu innleiddir í markvisst lýðheilsustarf borgarinnar og skulu nýttir á þann hátt þar til tekin er ákvörðun um annað.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og velferðarsvið.

Markhópur: Almennur.

Áætluð verklok:

Gátlistarnir sjö fylltir út og grunnlína dregin fyrir 30. júní 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Að dregin hafi verið grunnlína allra lista og unnið með einhverja þeirra eitt tímabil.

1.3 Hugum að fyrstu árum barnsins

Aðgerð:

Eitt af formennskuverkefnum Íslands í tengslum við Norrænu ráðherranefndina snýst um að skoða hvernig unnið er að því innan Norðurlandanna að efla geðheilsu og vellíðan á fyrstu æviárum barna. Tveir liðir í aðgerðaáætlun verkefnisins heyra undir sveitarfélög og verða framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg.

1. Stöðugleiki í mönnun leikskóla

Ráðist hefur verið í markvissar aðgerðir til að efla starfsánægju, draga úr vinnuálagi og stemma stigu við starfsmannaveltu og manneklu í leikskólum borgarinnar á undanförunum árum á grunni tillagna sem unnar voru í náinni samvinnu við starfsfólk, stéttarfélög og stjórnendur leikskóla.

24% starfsfólks sem starfar við uppeldi og menntun barna á leikskólum í Reykjavík eru leikskólakennarar (leikskólastjórar teljast ekki þar með). Þriðjungur starfsfólks er með aðra háskólamenntun og hluti hefur menntun sem leikskólaliðar, oft með töluverða reynslu. Engu að síður er umtalsverð starfsmannavelta á fyrsta skólastiginu.

2. Umhverfi sem styður vellíðan í leikskólum

Farið hefur fram heildstæð greining á húsnæði og starfsaðstæðum í leikskólum borgarinnar m.t.t. þrengsla, loftgæða og hljóðvistar, auk útisvæða en gæði og útfærsla þessara þátta geta stuðlað að eða hamlað vellíðan barna og starfsfólks. Mikilvægt er að þessum úttektum og verkefnum sem af þeim leiða sé forgangsraðað og fylgt eftir.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

Markhópur: Börn á leikskólaaldri.

Áætluð verklok: 2025.

Kostnaður: Í vinnslu.

Mælikvarði: Minni starfsmannavelta í leikskólum og meiri starfsánægja starfsmanna leikskóla.

1.4 Aðgerðir til að bæta félagsfærni og líðan barna og unglunga

Aðgerð:

Einn af grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er efling félagsfærni meðal barna og unglunga. Unnið verði markvisst að því að efla félagsfærni barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á að íslensk börn eiga erfitt með að eignast vini vegna þess að þau skortir sjálfstraustið til þess (UNICEF Report Card 16), líðan nemenda í 6.-10. bekk í Reykjavík, sem og annars staðar á landinu, hefur dalað töluvert á undanförunum sex árum (Skólaláttinn) og hlutfall

unglinga í 8.-10. bekk sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða hefur minnkað frá febrúar 2020 til febrúar 2021 (Rannsóknir og greining, feb. 2021).

Aðgerðir sem gripið verður til:

1. Vegvísir varðandi eflingu félagsfærni og félagstengsla meðal barna og unglunga
2. Markviss vöktun á líðan barna og unglunga
3. Efling tengsla foreldra og barna
4. Stöðugleiki í mönnun frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið í samstarfi við velferðarsvið.

Markhópur: Börn og unglingar.

Áætluð verklok: Aðgerðunum verði lokið fyrir árslok 2025.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Mælingar í menntastefnu borgarinnar, þ.e. félagsfærni meðal barna og unglunga, og gögn um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi með notkun frístundakortsins og skv. rannsóknum Rannsóknna- og greiningar. Hlutfall starfsstaða sem bregðast markvisst við niðurstöðum kannana á félagsfærni og líðan barna.

1.4 Aðgerðir til að bæta félagsfærni og líðan barna og unglunga – Framhald

1. Vegvísir varðandi eflingu félagsfærni og félagstengsla meðal barna og unglunga:

Stofnaður verði samstarfshópur til að kortleggja vegferð félagslegs þroska og færni barna á hverju aldurskeiði í skóla- og frístundastarfi. Afurðin verður vegvísir með vörðum og hugmyndum að verkfærum fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að þjálfra félagsfærni barnanna á markvissan hátt m.t.t. þroska þeirra á hverju aldurskeiði fyrir sig.

2. Markviss vöktun á líðan barna og unglunga

Greina þarf stöðu innan einstakra skóla á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og forgangsráða verkefnum og aðgerðum á grundvelli niðurstaðna í góðu samstarfi skóla- og frístundastarfsfólks, auk þess sem íþrótt-, æskulýðsfélög og listaskólar geta gegnt hlutverki við að hlúa að einstaklingum eða völdum hópum. Líðan barna er mismunandi eftir grunnskólum (Skólapúlsinn) og mikilvægt að bregðast fljótt við í skólum sem þurfa á meiri aðstoð að halda en aðrir. Starfsstaðir komi jafnframt á sértækum mælingum á félagsfærni og líðan einstakra barna og unglunga, s.s. skólatengslamælingum.

3. Efling tengsla foreldra og barna:

Unnið verði markvisst að því að efla tengsl foreldra og barna. Rannsóknir sýna að samskipti við foreldra skipta höfuðmáli á nær öllum sviðum í lífi barna og unglunga og hafa gríðarmikil áhrif á heilsu og vellíðan þeirra. Rannsóknir sýna að ef foreldrar setja skýrar reglur og hafa miklar væntingar til barna sinna og unglunga í bland við hlýju, virðingu og opin samskipti, þá leiðir það til meiri áhuga og árangurs í námi og starfi en einnig til minni hættu á depurð og kvíða.

Ráðist verði í öflugt fræðsluáttak til foreldra barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi þar sem foreldrar fá fræðslu sem snýr að verndandi þáttum í uppeldi barna. Fræðslan verði markviss og henti hverju aldurskeið barnanna sem um ræðir hverju sinni. Fræðsluáttakið verði unnið í samstarfi við Samfok, Samleik-R og foreldrafélög leikskóla og grunnskóla í borginni.

4. Stöðugleiki í mönnun frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Ráðist hefur verið í markvissar aðgerðir til að fjölga fagmenntuðum tómstunda- og félagsmálafræðingum, efla starfsánægju, draga úr vinnuálagi og stemma stigu við starfsmannaveltu og manneklu í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Frístundafræðingum sem starfa einnig á starfstíma grunnskóla verði fjölgað.

1.5 Allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar heilsueflandi fyrir 2025

Aðgerð:

Árið 2025 er markmiðið að allir leik- og grunnskólar, og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði orðin virkir þátttakendur í viðeigandi Heilsueflandi verkefnum embættis landlæknis. Með virkum þátttakendum er átt við að þau nýti sér vefsvæði verkefnanna og gátlista til að þróa og vakta heilsueflingarstarf sitt.

Í byrjun árs 2021 voru 35 leikskólar af 64 í Reykjavík þátttakendur í Heilsueflandi leikskólum, 27 grunnskólar af 38 þátttakendur í Heilsueflandi grunnskóla. Auk þess tekur stór hluti félagsmiðstöðva og frístundaheimila þátt í heilsueflandi verkefnum, í ársbyrjun 2021 voru 73% frístundaheimila borgarinnar og 86% félagsmiðstöðva búin að nýta gátlista um heilsueflandi frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

Markhópur: Börn og ungmenni.

Áætluð verklok: Árslok 2025.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Hlutfall leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem eru þátttakendur í Heilsueflandi verkefnum Embættis Landlæknis. Gátlistar verkefnanna.

1.6 Vinnustaðir Reykjavíkurborgar heilsueflandi fyrir 2025

Aðgerð:

Verkefni Embættis landlæknis um Heilsueflandi vinnustaði byggir á sömu hugmyndafræði og verkefni um Heilsueflandi samfélag, og Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Heilsuefling á vinnustöðum er sameiginlegt viðfangsefni vinnuveitenda, starfsmanna og samfélagsins alls, með það markmið að stuðla að betri heilsu og vellíðan starfsfólks, fyrirbyggja streitu, kulnun og minnka brottfall af vinnu-markaði. Með verkefninu er stefnt að því að bæta vinnuskipulag og starfsumhverfi, hvetja til virkrar þátttöku og stuðla að áframhaldandi þroska einstaklingsins.

Bæði starfsfólk og vinnuveitendur hafa ávinning af því að vinnustaðir séu heilsueflandi. Starfsfólk í

formi færri slysa og sjúkdóma, bættrar heilsu og aukinni vellíðan og starfsánægju, og vinnuveitendur í fækkun veikindadaga og fjarvista starfsfólks, minni starfsmannaveltu og aukinni framleiðni og nýsköpun.

Stefnt er að því að heilsustefna vinnustaðarins Reykjavíkurborgar, sem byggir á hugmyndafræði um heilsueflandi vinnustaði, verði komin í virka innleiðingu hjá a.m.k. 90% starfsstaða borgarinnar fyrir árslok 2025. Í því felst að starfsstaðirnir séu í virkri innleiðingu á helstu atriðum heilsustefnunnar, eða hafi undirritað samning um þátttöku í verkefni Embættis landlæknis um heilsueflandi vinnustaði og séu að nota gátlista og önnur verkfæri þess verkefnis.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Markhópur: Starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Áætluð verklok: Árslok 2025.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Hlutfall starfsstaða Reykjavíkurborgar sem eru í virkri innleiðingu á heilsustefnu vinnustaðarins Reykjavíkurborgar eða eru þátttakendur í verkefninu Heilsueflandi vinnustaður. Gátlisti verkefnisins.

1.7 Heilsuefling aldraðra og aldursvæn borg

Aðgerð:

Innleitt verður sama vinnulag við heilsueflingu og forvarnir eldri borgara og beitt er við forvarnir barna og ungmenna. Þannig verður unnið að því að safna reglulegum gögnum um hagi og líðan eldri borgara til að meta helstu styrkleika og áskoranir og vinna aðgerðaráætlun út frá helstu áskorunum hverju sinni, sem uppfærð verður á 24 mánaða fresti.

Starfshópur um heilsueflingu aldraðra skilaði árið 2016 aðgerðaáætlun í 26 liðum og á sama tíma skilaði stýrihópur um aldurvæna borg, í kjölfar rásfundar verkefnisins tillögum í 13 liðum með alls 45 verkefnum. Hluta þessara verkefna hefur þegar verið hrint í framkvæmd, en ljúka þarf innleiðingu

þeirra, með uppfærðri forgangsröðun aðgerða, í samráði við öldungaráð og Félag eldri borgara í Reykjavík, aldraðra í Reykjavík, aðstandendur þeirra og helstu hagsmunasamtök. Haldinn verður þjóðfundur í byrjun vetrar 2021, líkt rásfundinum sem haldinn var 2016, til samráðs um forgangsröðun aðgerða næstu ár.

Verkefnið verður unnið m.t.t. skýrslu heilbrigðisráðuneytis um heilsueflingu aldraðra frá janúar 2021.

Stefnt er að því að nýrri forgangsröðun aðgerða og gerð almennrar aðgerðaáætlunar í málaflokknum til 24 mánaða verði lokið 1. júní 2022.

Ábyrgð: Velferðarsvið, í samstarfi við íþróttá- og tómstundasvið og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur: Eldra fólk.

Áætluð verklok: 1. júní 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Hagir og líðan eldri borgara, lýðheilsuvísar.

1.8 Fræðsluáttak um lýðheilsu og heilsulæsi

Aðgerð:

Heilsulæsi gerir fólki kleift að taka jákvæðar ákvarðanir fyrir heilsu sína og líðan. Það felur í sér ákveðið stig þekkingar, persónulega færni og sjálfstraust til að grípa til aðgerða til að bæta heilsu einstaklinga og samfélagshópa með því að breyta persónulegum lifnaðarháttum og lífsskilyrðum.

Aðgerðin felur í sér að a) fræðslu til að auka heilsulæsi í borginni með vitundarvakningu um það sem hefur áhrif á heilsu og hvað hægt sé að gera til að efla hana og b) upplýsingagjöf um hvernig markmið og aðgerðir borgarinnar í borgarþróun og skipulagsmálum og öðrum málaflokkum er ætlað að stuðla að bættri lýðheilsu.

Gerð verður birtingaráætlun og m.a. verða búin til veggspjöld til dreifingar og stutt og aðgengileg myndbönd til uppsetningar í myndbandabanka Reykjavíkur og til dreifingar, m.a. á samfélagsmiðlum og póstlistum, um helstu áhrifaþætti m.a. um sykurneyslu, svefn, samveru, hreyfingu, geðrækt, borgarþróun, tómstundamenntun o.s.frv. Leita skal samstarfs og samvinnu við Embætti landlæknis, önnur heilsueflandi sveitarfélög o.s.frv. svo efnið nýtist sem best.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við fagsvið borgarinnar eftir þörfum.

Markhópur: Almennigur.

Áætluð verklok: Fræðsluefni tilbúið til birtingar við árslok 2021.

Kostnaður: Í vinnslu.

Mælikvarði: Fræðsluefni hefur verið framleitt og birt skv. áætlun.

1.9 Mikilvægi svefns fyrir heilsu og líðan

Aðgerð:

Að meta árangur af mismunandi inngripum til að bæta svefn meðal barna og ungmenna.

Skólum verður skipt í 4 hópa, einn hópur seinkar upphafi skóladags og fær markvissa fræðslu um svefn, annar hópur seinkar skólabyrjun en fær ekki fræðslu, þriðji hópurinn er með venjulega skólabyrjun en fær fræðslu og síðasti hópurinn fær ekki fræðslu og er með hefðbundna skólabyrjun. Með því að skoða þessa 4 hópa er hægt að meta hvaða inngrip skila hvaða árangri.

Í svefni á sér stað viðgerðarferli og úrvinnsla upplýsinga sem er nauðsynleg til að börn þroskist og dafni eðlilega, auk þess sem vansvefta ungmenni sýna lakari framleiðni yfir daginn. Það er því til mikils að vinna að bæta svefn ungmenna á Íslandi, sem er styttri en í nágrannalöndunum skv. rannsóknum. Verkefnið byggir á rannsóknum um svefn og árangri fræðsluinngripa í skólum. Sérfræðingar á sviði svefnrannsókna munu sníða fræðsluefni sem hentar vel til kennslu í skólum.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Embætti Landlæknis og Betri svefn.

Markhópur: Börn og ungmenni.

Áætluð verklok: Maí 2022.

Kostnaður: Styrkur frá Lýðheilsusjóði 1.000.000, að öðru leyti innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Svefnmælar, reglulegar kannanir R&G, Skólapúlsinn.

1.10 Mótun forvarnaráætlunar 2021–2025

Aðgerð:

Mótuð verði forvarnaráætlun sem undiráætlun lýðheilsu- stefnu og velferðarstefnu. Vinnsla áætlunarinnar verði á ábyrgð velferðarsviðs en unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og önnur fagsvið borgarinnar. Sérstaklega verði hugað að samhæfingu við menntastefnu, stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu, íþróttastefnu og verkefnum Heilsueflandi samfélags. Áætlunin verði byggð á bestu gögnum og á grundvelli breiðrar samvinnu. Aðkoma íþróttabandalags Reykjavíkur og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum að áætluninni verði jafnframt tryggð.

Meðal annars verði hugað að verndandi þáttum sem áherslu innan forvarnaráætlunar en rannsóknir hafa sýnt okkur að þeir skipta mestu máli varðandi forvarnir meðal barna og unglunga.

Áherslur forvarnaráætlunar verði tengdar skóla- og frístundastarfi borgarinnar og öðru frístundastarfi innan hennar og tryggi borgarbúum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum.

Hugað verði að hlutverki samráðshóps um forvarnir í forvarnaráætluninni og hvernig megi tryggja umboð hans til að fylgja eftir áherslum og aðgerðum áætlunarinnar.

Á grundvelli forvarnaráætlunar verði unnar forvarnar- áætlanir borgarhlutanna sem allar stofnanir borgarinnar og nærsamfélagið innan hvers borgarhluta koma að. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Þá verði einnig kallað eftir samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við útfærslu forvarnaráætlunar.

Allir grunnskólar vinna forvarnaráætlun samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sem skulu tengdar forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Velferðarsvið í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fagsvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Forvarnaráætlun samþykkt.

1.11 Aðgerðaráætlun um bætta líðan barna og ungmenna

Aðgerð:

Ein af grunnstoðum menntunar skv. aðalnámskrá og menntastefnu Reykjavíkurborgar er heilbrigði og velferð. Rannsóknir hafa sýnt að líðan ungmenna hefur farið hrakandi á síðustu árum. Til að snúa þeirri þróun við eru leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar borgarinnar hvött til að setja fram aðgerðaráætlun til tveggja ára til að bæta líðan barna og unglinga.

Mikilvægt er að aðgerðirnar séu gagnreyndar og má í því samhengi benda á skýrslu um geðrækt í skólum þar sem farið er yfir árangursmat á því

námsefni sem í boði er á íslensku. Þar kemur meðal annars fram góður árangur námsefnisins **Vinir Zippýs**.

Rannsóknir á núvitundarkennslu í skólum benda einnig til góðs árangurs og í Lýðheilsustefnu ríkisins til ársins 2030 er aðgerð sem snýr að innleiðingu á núvitund í skólum.

Einnig má benda á nýtt gagnreynt námsefni eins og **Upright** og Dialektíska atferlismeðferð (DAM/Dialectic Behaviour Therapy) sem verður aðgengilegt árið 2022.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið í samstarfi við velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis.

Markhópur: Börn og ungmenni.

Áætluð verklok: Desember 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Reglulegar kannanir R&G og Skólapúlsins.

1.12 Bætt loftgæði – Stefna og aðgerðir

Aðgerð:

Reykjavík leggi metnað í góð loftgæði og setji sér heildstæða loftgæðastefnu sem feli í sér langtímamarkmið og horfi einnig til sívöktunar loftgæða og til þess með hvaða aðgerðum megi bregðast skjótt við þá daga og tímabil þar sem loftgæði eru slæm.

Stefna og aðgerðir byggja á eftirfarandi markmiðum: 1. Halda svifryksmengun innan lögbundinna marka, 2. Minnka hlutfall negldra dekkja, 3. Orkuskipti, 4. Breyting á ferðavenjum.

Stefna og aðgerðir feli í sér áherslur til að draga úr ótímabundnum dauðsföllum af völdum loftmengunar og í henni verði dregnar saman þær langtímaaðgerðir sem eru í gangi á mörgum sviðum í stefnumarkandi skjali.

Aðgerðaáætlun feli í sér bæði beinar og óbeinar stýringar- aðgerðir. Hún verði einnig uppfærð á grundvelli nýrra umferðarlaga og horft til samstarfs á höfuðborgarsvæðinu og hugmynda og aðgerða sem gripið hefur verið til í nágrenna- borgum og Evrópu, s.s. varðandi nagladekk og hraða umferðar. Jafnframt verði stefnt að samstarfi við umhverfis- stofnun um að fjölga loftgæðamælum í Reykjavík.

Aðgerðaáætlunin verði samræmd viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur það markmið að skilgreina skammtímaaðgerðir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði í borginni í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1998 og 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum og áætlun um loftgæði á Íslandi, „Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029.“

Ábyrgð:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Samráð verði haft við hagsmunaaðila við mótun stefnunnar.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður:

Kostnaður við mótun stefnunnar er innan fjárhagsramma en kostnaðarmeta þarf aðgerðaáætlun þegar hún liggur fyrir.

Mælikvarði: Nagladekkjanotkun, loftgæði skv. mælum, svifryk innan lögbundinna marka og skv. heilsuverndarmörkum og fjöldi ótímabærra dauðsfalla. Mælikvarðar um ferðavenjur.


1.13 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2021-2025

Aðgerð:

Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar er leiðarvísir að því hvert verður haldið næstu fimm árin til að vinda ofan af loftslagsbreytingum af mannavöldum og koma í veg fyrir hamfarir sem af þeim hlýst. Markmiðið með aðgerðunum er að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum til að markmið Parísarsamkomulagsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5 °C náist. Þá stefnir Reykjavíkurborg að kolefnishlutleysi árið 2040. Loftslagsáætlun 2021 - 2025 endurspeglar þá víðtæku nálgun og breidd verkefna sem þarf til að umbreyting eigi sér stað í átt að kolefnishlutlausu samfélagi.

Í stefnunni eru sett fram 6 meginmarkmið og 3 styðjandi flokkar þvert á meginmarkmiðin.

Fimmtán meginaðgerðir hafa verið skilgreindar og miða þær að því að draga úr kolefnislosun um tæp 300.000 tonn fyrir árið 2030. Hér má sjá nánari upplýsingar um [loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar](#).



Ábyrgð:

Umhverfis- og skipulagssvið.

Markhópur:

Almenn aðgerð.

Áætluð verklok:

2025.

Kostnaður:

Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði:

Mælikvarðar loftslagsáætlunar.

1.14 Umferðaröryggisáætlun og hámarkshraðaáætlun

Aðgerð:

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar og hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkurborgar 2019–2023:

Stefnt er á að Reykjavíkurborg taki upp núllsýn í umferðaröryggismálum, þ.e. þá langtímasýn að enginn hljóti varanlegt heilsutjón sökum umferðarslysa.

Markmið Reykjavíkurborgar í umferðaröryggismálum 2019–2023:

1. Banaslysum fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við fjölda banaslysa árána 2012–2016. Ekki verði fleiri en fimm banaslys árin 2019–2023.
2. Alvarlegum slysum fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við meðaltal árána 2012–2016. Ekki verði fleiri en 194 alvarleg slys árin 2019–2023.
3. Alvarlegum slysum á börnum (0–17 ára) í umferðinni fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við árin 2012–2016. Ekki verði fleiri en 43 alvarleg slys á börnum árin 2019–2023.
4. Reykjavíkurborg taki upp núllsýn sem grundvöll vinnu sinnar við umferðaröryggismál á gildistíma áætlunarinnar.
5. Reykjavík sé fyrirmynd annarra sveitarfélaga í umferðaröryggismálum á Íslandi.

Þessi tölulegu markmið samsvara því að fjöldi þessara slysa verði um 25% minni við lok gildistíma öryggisáætlunarinnar en í upphafi hans.

Núllsýnin var kynnt í Svíþjóð árið 1997 og byggir á þeim grundvallarhugsunarhætti að það sé siðferðislega óásættanlegt að einstaklingar tapi heilsunni varanlega sökum umferðarslysa (Tingvall og Haworth, 1999). Oft er núllsýnin skilgreind sem svo að enginn eigi að slasast alvarlega eða látast í umferðinni. Samkvæmt þessari hugmyndafræði er ekki réttlætanlegt að fórn heilsu vegfarenda fyrir aðra hagsmuni samfélagsins, t.d. eins og minni tafir.

Almennar aðgerðir umferðaröryggisáætlunar:

1. Umferðaröryggisrýni fari fram á nýrri hönnun í samgöngukerfinu sem og nýjum skipulagsáætlunum. Meðal annars lagt mat á öryggi barna og möguleika þeirra til að uppfylla samgönguþarfir sínar.
2. Núverandi innviðir rýndir, þar sem það á við, út frá umferðaröryggissjónarmiðum og aðferðarfræði öruggs kerfis. Aðgerðir ákvarðaðar samhliða umferðaröryggisrýni sem geta meðal annars falið í sér breytingu á útfærslu eða aðlögun á hámarkshraða til að fækka slysum og draga úr alvarleika þeirra.
3. Áframhaldandi vinna við gerð umferðaröryggisáætlana fyrir grunnskóla.
4. Innleiðing Núllsýnar sem grundvallarhugmyndafræði í þróun umferðaröryggismála í Reykjavík.

Ábyrgð: Umhverfis – og skipulagssvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: 2023.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Mælikvarðar umferðaröryggisáætlunar.

1.15 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa

Aðgerð:

Mikilvægur liður í því að tryggja góða lýðheilsu í Reykjavík og fylgja markvisst eftir markmiðum lýðheilsustefnu, er að setja metnaðarfull markmið um gæði byggðar í aðalskipulagi. Skipulagsstefna sem leggur til grundvallar hugmyndafræði um sjálfbæra borgarþróun, líkt og aðalskipulagið gerir, styður í leiðinni við framfylgd lýðheilsustefnu.

Fjöldmargir þættir í aðalskipulagi borgarinnar skipta máli við að skapa heilsuborg og vinna gegn áhrifaþáttum sjúkdóma. Sem dæmi eru ferðavenjur og samgöngumátar, umferðarslys og loftgæði nátengd samgöngustefnu aðalskipulagsins. Aðgengi að grænum svæðum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum og aðstöðu til útivistar í öllum hverfum skiptir líka miklu máli. Markmið um félagslega blöndum og jöfnuð gegna lykilhlutverki til að auka traust, félagsauð og vinna gegn áhrifum ójafnaðar, sem er einn sterkasti áhrifaþáttur vanheilsu og sjúkdóma.

Hreint loft, góð dagsbirta innan íbúða, góð loftræsting, útsýni til náttúrunnar og nálægð við sólrík dvalarsvæði og fallegan og gróskumikinn gróður gerir okkur gott líkamlega og andlega og eflir lýðheilsuna. Það sama gerir umhverfi sem er jafnan friðsælt, kyrrlátt og öruggt. En Lýðheilsa íbúanna er sannarlega einnig háð því að umhverfið og mannlífsflóran sé fjölbreytt, hverfið sé litríkt og iði af mannlífi og að margvísleg verslun og þjónusta, veitingastaðir, afþreying og starfsemi séu í göngufæri við heimilið. Það getur til dæmis unnið gegn félagslegri einangrun og einmanaleika.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Verklök: Staðfesting aðalskipulags haust 2021 og árleg vöktun með framfylgd markmiða.

Kostnaður: Kostnaður við mótnun stefnunnar er innan fjárhagsramma. Markmiðum aðalskipulags er framfylgt með aðgerðaáætlunum í margvíslegum málaflokkum á viðkomandi sviðum.

Mælikvarðar: Meðal mælikvarða sem eru og verða vaktaðir :

- Hlutfall íbúa í innan við 300 m göngufjarlægð frá útivistarsvæði
- Stærð (og fjöldi) grenndar matjurtagarða
- Fjöldi nemenda innan við 400 m frá grunnskóla
- Fjöldi íbúa innan við 1000 m frá heilsugæslu
- Fjöldi bekkja í almenningsrýmum
- Hlutfall íbúða á vegum húsnæðisfélaga
- Fjöldi íbúa innan við 400 m frá biðstöð almenningsamgangna

Sjá nánar greinargerð Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 tillaga).

1.16 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa – Framhald

Í aðalskipulagi til ársins 2040 (tillaga) eru sett háleitari markmið um gæði íbúðarbyggðar og um lífvænlegt borgarsamfélag. Í leiðarljósi þess segir eftirfarandi: Stuðla að kröftugum og sjálfbærum vexti borgar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og um samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

Í nýjum megin markmiðum aðalskipulagsins segir m.a:

- Lýðheilsa borgarbúa verði ávallt höfð að leiðarljósi við skipulagningu og hönnun borgarumhverfisins. Skipulag hverfa örvi almennt hreyfingu, samveru, mannlíf og vistvænar ferðavenjur.
- Að íbúar allra hverfa borgarinnar hafi gott aðgengi að grænum svæðum og fjölbreyttum almenningssýmum. Lagður verði sérstakur metnaður í eflingu almenningssýma innan eldri hverfa sem og nýrra; við hönnun stærri og minni torga, göngugatna, smærri andrýma og gróðursvæða, stærri útivistarsvæða, leik- og íþróttasvæða og almennt dvalarsvæða fyrir alla aldurs- og félagshópa.

- Við skipulagningu og hönnun íbúðarbyggðar verði gæði húsnæðisins og nærumhverfis þess í fyrirrúmi. Í því samhengi þarf horfa sérstaklega til birtuskilyrða, hljóðgæða og loftgæða innandyrna sem og í inngörðum. Tryggja þarf að ákveðið lágmarkshlutfall lóða verði gróðursæl og sólrík útissvæði.
- Að skapa sjálfbær og heilbrigð borgarhverfi þar sem allir félagshópar hafa tækifæri til búsetu. Þróaðar verði sterkar hverfisheildir sem standi undir grunnþjónustu, öflugri verslun og þjónustu, íþrótt- og frístundastarfsemi og fjölbreyttu mannlífi. Atvinnutækifærum innan hverfa verði fjölgað og atvinnukjarnar í grennd við einsleit íbúðarhverfi verði styrktir.

Framfylgd markmiða aðalskipulags verða sem fyrr vöktuð með árlegri skýrslugerð og mælikvarðavinnu.

1.17 Innleiðing matarstefnu Reykjavíkurborgar

Aðgerð:

Matarstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15. maí 2018. Meginmarkmið með mótun matarstefnu er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni. Samþykkt var í borgarstjórn 3. september 2019 að skipa stýrihóp um innleiðingu matarstefnu Reykjavíkurborgar en haustið 2019 var lokið við að framkvæma um þriðjung aðgerða stefnunnar.

Hlutverk stýrihópsins var að vinna áætlun um innleiðingu á matarstefnu Reykjavíkurborgar, þ.e. tillögur að forgangsröðun og útfærslu aðgerðaáætlunar ásamt verk-, tíma- og kostnaðaráætlunum.

Framkvæmd innleiðingaráætlunar matarstefnu hefur nán tengsl við Lýðheilsustefnu Reykjavíkur og er skilgreind sem ein af þeim aðgerðum sem veitt verður eftirfylgni við innleiðingu Lýðheilsustefnu. Á meðal þeirra aðgerða sem áhersla verður lögð á er næring og starfsemi mötuneyta, einkum í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Ábyrgð: Stýrihópur um innleiðingu matarstefnu.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Óskilgreint.

Kostnaður: 10 mkr. samþykktar í borgarstjórn 15. desember 2020 til innleiðingar matarstefnu.

Mælikvarði: Mælikvarðar matarstefnu.

1.18 Gerum holla valið auðvelda valið

Aðgerð:

Aðgerðir til að auðvelda fólki að nálgast og velja hollan kost í borginni. Dregið verður úr aðgengi að sykrudum og öðrum óhollum vörum á borð við orkudrykki hjá Reykjavíkurborg auk þess sem borgin beitir sér fyrir því að hið sama verði gert hjá samstarfsaðilum og einkaaðilum innan borgarinnar:

- Uppstilling og framboð í mötuneytum á vegum Reykjavíkurborgar verður yfirfarin með það í huga að holla valið sé auðvelda valið og að dregið verði úr aðgengi að sykrudum og óhollum vörum.
- Uppstilling og framboð í veitingasölu í stofnunum Reykjavíkurborgar verður yfirfarin með það í huga að holla valið sé auðvelda valið og að dregið verði úr aðgengi að sykrudum og óhollum vörum.

- Leitað verður eftir samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélög innan borgarinnar um að gera holla valið auðveldara í íþróttahúsum, á íþróttaviðburðum og í öðru starfi þeirra. Útbúið sé kynningarefni um hvað sé gott að hafa í huga við slíkar tilfæringar, og hvað gætu verið góðir kostir sem hluti af vöruúrvali á slíkum stöðum.
- Leitað verður eftir samstarfi við matvöruverslanir í borginni, og aðrar verslanir eftir aðstæðum, um að haga uppstillingu og vöruúrvali þannig að holla valið sé auðvelda valið.

Ábyrgð: Faghópur um lýðheilsu.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Fjöldi samstarfsaðila um breytta nálgun í framboði og framsetningu sykraðra vara.

1.19 Virk þátttaka 16–25 ára ungmenna – Starfshópur

Aðgerð:

Skipaður verði starfshópur sem yfirfari **Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri** og það sem fram kemur um frístunda og félagsstarf fyrir +16 ára í **Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025** og geri tillögur að forgangsaðgerðum fyrir þennan hóp.

Jafnframt geri starfshópurinn tillögur að betra utanumhaldi og eftirfylgni með ungmennum sem fara hvorki í framhaldsskóla né á vinnumarkað eftir grunnskóla. Skilgreindir verði aðilar sem hafi það hlutverk að virkja þessa einstaklinga til þátttöku í samfélaginu.

Ábyrgð: Hitt húsið (Íþrótt- og tómstundasvið), þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs, í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur: 16–25 ára ungmenni.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Skil skýrslu og tillagna hópsins.

2.1 Rannsókn á félagslegu landslagi og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík

Aðgerð:

Rannsókn á félagslegu landslagi, tekjudreifingu og framlagi til samneyslunnar í Reykjavík 2000–2019.

Markmið rannsóknarinnar er að greina félagslegt landslag í Reykjavík út frá dreifingu lífskjara, bæði innan og á milli hverfa og íbúahópa þar sem jafngildar ráðstöfunartekjur eru notaðar sem lífskjaramæling.

Í rannsókninni er lögð sérstök áhersla á hvernig landslagið hefur breyst yfir tíma frá árinu 2000, m.t.t. til þess hvort svæðisbundin skipting eftir lífskjörum hefur breyst og að hvaða leyti sú skipting tengist klösun (e. clustering) bakgrunnspátta eftir hverfum, en slíka þróun má greina í mörgum borgum á Vesturlöndum samkvæmt erlendum rannsóknum. Slíkt misræmi hefur einnig leitt til misræmis á milli hverfa, í staðbundnum vandamálum, þjónustu og stuðningi af hálfu borgaryfirvalda.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara. Rannsókn og skýrsla unnin af Kolbeini Stefánssyni (verksali).

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Lokaskil á skýrslu árslok 2021.

Kostnaður: Kostnaðarmat er 2.85 mkr sem skiptist í 1,8 mkr vegna vinnu verksala og 1.050 þúsund kostnaður vegna gagnaöflunar Hagstofu Íslands.

Mælikvarði: Lokaskýrslu skilað til Reykjavíkurborgar.

2.2 Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík

Aðgerð:

Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík með það að markmiði að skoða hvort sé til staðar ójöfnuður í heilsu eftir hverfum í Reykjavík, samkvæmt gögnum úr könnun Embættis landlæknis Heilsa og líðan Íslendinga frá 2017.

Til að komast að því er kannað hvort það sé marktækur munur á mati á eigin líkamlegri og andlegri heilsu eftir hverfum. Einnig er kannað hvort það sé marktækur munur á upplifun þátttakenda á eigin hverfi, hvort þeim þyki

eftirsóknarvert að búa þar sem þeir búa, hvort þeir séu ánægðir með þjónustu fyrir íbúa, hvort þeir eigi vini í hverfinu eða óttist glæpi þar sem þeir búa. Þessar niðurstöður eru svo bornar saman til að sjá hvort það sé samband á milli heilsu þátttakenda og búsetu þeirra.

Í verkefninu verða niðurstöðurnar settar í samhengi við fyrri rannsóknir á ójöfnuði á Íslandi og sérstaklega heilsu og búsetu tengdum.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara. Rannsókn og skýrsla unnin af Hugrónu Snorradóttur meistaranema í Lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Mars 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lokaskýrslu skilað til Reykjavíkurborgar.

2.3 Hinseginleiki og lýðheilsa

Aðgerð:

a. Tekið verið mið af hinseginleika í öllum könnunum um lýðheilsu

Að spurt er um hinseginleika (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni) í öllum könnunum sem ávarpa lýðheilsu íbúa Reykjavíkurborgar, á öllum aldurstigum. Þannig mun hver og ein könnun vera útbúin með spurningum um hinseginleika fyrir árslok 2022.

Leitast verður eftir því að þróa viðeigandi spurningar til að spyrja um mismunandi hinsegin breytur og ólík fjölskylduform þar sem við á, með hliðsjón af markhópnum, aldri hans og þroska sem og af persónuverndarlögum. Þannig verður ávallt hægt að nálgast gögn um lýðheilsu greind eftir hinseginleika.

Með því móti verður hægt að aðlaga, breyta og bæta þjónustu þannig að hún taki mið af stöðu og þörfum hinsegin fólks og vinni að bættri lýðheilsu þeirra. Í framhaldinu verði samtál um stöðu hinsegin fólks og aðgerðir á þessu sviði.

b. Rannsókn á heilsu og líðan hinsegin fólks

Framkvæma rannsókn á heilsu og líðan hinsegin fólks, með sérstaka áherslu á andlega líðan, áfengis- og vímuefnaneyslu og upplifun af ofbeldi, samanborið við líðan síð gagnkynhneigðra, byggð á gögnum

úr könnun Embætti landlæknis Heilsa og líðan Íslendinga frá 2017. Í þeirri könnun var spurt um kynhneigð og var möguleiki á hlutlausri kynskráningu.

Markmiðið er að komast að því hvort almenn heilsa og líðan hinsegin fólks sé ólík heilsu og líðan síð gagnkynhneigðra, með sérstaka áherslu á áfengis- og vímuefnaneyslu og upplifun af ofbeldi. Enda sýna erlendar rannsóknir ítrekað fram á að heilsa og líðan hinsegin fólks sé marktækt verri en annarra og eru sterkar vísbendingar um hið sama í íslensku samfélagi.

Til að komast að því er kannað hvort það sé marktækur munur á mati á eigin líkamlegri og andlegri heilsu eftir kynhneigð og kynskráningu. Einnig verða niðurstöður skoðaðar eftir aldri og búsetu og aðrir áhrifapættir greindir.

Í rannsókninni verða niðurstöðurnar settar í samhengi við stöðu hinsegin fólks, bæði hvað varðar réttarstöðu og út frá hinseginfræðilegum kenningum. Niðurstöður verði rýndar með það í huga að útbúa tillögur um hvernig megi bæta heilsu og líðan hinsegin fólks ef þörf er á, í samhengi við þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir.

Ábyrgð:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Markhópur: Hinsegin fólk, starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Áætluð verklok: Árslok 2022.

Kostnaður: Vinnsla gagna hjá Embætti Landlæknis.

Mælikvarði: Kannanir sem mæla lýðheilsu verði allar yfirfarnar og útbúnaðar með spurningum um hinseginleika.

2.4 Atvinnu- og virkniúrræði

Aðgerð:

Vegna áhrifa COVID-19 hefur atvinnuleysi aukist verulega í Reykjavík. Gert er ráð fyrir áframhaldandi atvinnuleysi árin 2021-2022 og ætla má að margir þeirra sem missa bótarétt hjá Vinnumálastofnun leiti eftir framfærslu í gegnum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Græna planið og græni hluti fjárfestingaráætlunar Reykjavíkur gerir ráð fyrir að skapa 1.200 bein og afleidd störf árið 2021 á sama tíma og þau störf sem fyrir eru verða varin. Áhersla er á fjölbreytt störf og fækkun einstaklinga á atvinnuleysisrá og á fjárhagsaðstoð og að skapa sumarstörf fyrir námsmenn 2021.

Borgarráð samþykkti í janúar sl. 2021 að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun til að vinna enn markvissara með atvinnu- og virkniáðgerðir. Unnið verður með vinnumiðlun á vegum mannauðs- og starfsumhverfissviðs og stuðnings- og virkniúrræði á vegum velferðarsviðs.

Ráðið verði í 9 stöðugildi sérfræðinga sem starfa við vinnu- og virknimiðlun.

Í fyrsta áfanga er lagt til að skapa störf og stuðningsúrræði fyrir eftirfarandi hópa:

- a. Atvinnulausir einstaklingar með bótarétt, 150 störf.
- b. Vinnufærir einstaklingar sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, 50 störf.

Áætlað er að atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar muni í fyrsta áfanga skapa um 200 störf, meðal annars í samstarfi við Vinnumálastofnun og heildarkostnaður verði um 460 m.kr.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið og velferðarsvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Atvinnu- og virknimiðlun starfi árin 2021-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Einstaklingar með bótarétt og notendur fjárhagsaðstoðar í Reykjavík.

2.5 Aðgerðir gegn einmanaleika – kortlagning og mótun aðgerðaáætlunar

Aðgerð:

Kannanir sýna merki þess að einmanaleiki sé vaxandi vandamál, ekki síst á meðal ungs fólks.

Kortleggja þarf hvar vandinn er mestur og setja fram aðgerðaráætlun til að draga úr einmanaleika hjá þeim hópum.

Nýjar leiðir við að tengjast borgarbúum og þjónustupegum hafa þróast í Covid. Meta þarf árangur þeirra og gera tillögur um aðgerðir, félagsstarf eða annað til framtíðar.

Ábyrgð: Velferðarsvið, í samstarfi við skóla- og frístundasvið og íþrótt- og tómstundasvið.

Markhópur: Þeir sem upplifa einmanaleika.

Áætluð verklok: 1. mars 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Aðgerðaráætlun gegn einmanaleika tilbúin

2.6 Frístundir í Breiðholti

– tilraunaverkefni til 3 ára til að auka þátttöku í frístundastarfi

Aðgerð:

Markmið tilraunaverkefnisins Frístundir í Breiðholti eru að efla heilbrigði, íþrótt- og frístundaþátttöku, nýtingu frístundakortsins, félagsleg tengsl, samfélagslega aðlögun og íslenskukunnáttu íbúa í Breiðholti með sérstaka áherslu á íbúa með fjölbreyttan bakgrunn.

Þó verkefnið nái til allra aldurshópa barna verður lögð megin áhersla á að virkja börn í 1.-2. bekk grunnskóla til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Með því að auðvelda börnum í upphafi skólagöngu þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi aukast líkur á að þau myndi félagslega tengsl sem síðan auka líkur á áframhaldandi þátttöku og þar með aðlögun og virkni í samfélaginu öllum til heilla.

Þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi og nýting frístundakorts í Breiðholti er lægri en í öðrum hverfum. Sérstök ástæða er til að huga að þátttöku og félagslegri aðlögun barna í hverfinu af erlendum uppruna og barna sem búa við fátækt.

Vegna þessara aðstæðna hafa eftirtalin markmið verið sett fyrir verkefnið:

- Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótt- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi.

Þetta verði gert með því að hækka hvert kort í Breiðholti fyrir börn í 1. og 2. bekk grunnskóla úr 50.000 í 80.000. Hægt verði að prófa margar mismunandi íþróttagreinar, ókeypis verði í frístundarútuna, að öflug kynning verði á valmöguleikum frístunda ásamt fjölda annarra aðgerða. Verkefnið var samþykkt í borgarráði 27. ágúst 2020 og er eitt af þremur forgangsverkefnum sem sett voru fram í umsókn Reykjavíkurborgar um aðild að Lýðheilsuborgum Evrópu. Nánari útfærslu verkefnisins má sjá [hér](#).

Ábyrgð: Velferðarsvið
(Þjónustumiðstöð Breiðholts).

Samstarfsaðilar: Íþrótt- og tómstundasvið, skóla- og frístundasvið, Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþrótt- og frístundaaðilar í Breiðholti.

Markhópur: Börn og fjölskyldur í Breiðholti.

Áætluð verklok: 2023.

Kostnaður: Verkefnið er fjármagnað sbr. fjárhags-áætlun verkefnisins.

Mælikvarði: Sbr. Markmið í lýsingu aðgerðar.

2.7 Almannaþarnir

– Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og viðbragðsáætlanir

Aðgerð:

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna og í því skyni er skipuð neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og samþykkt viðbragðsáætlun borgarinnar sem neyðarstjórnin starfar samkvæmt. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða

lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða.

Viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar tekur ekki á sérstökum atburði, heldur fjallar almennt um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða hjá Reykjavíkurborg við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið, hvort sem það er skilgreint sem formlegt almanna-ástand eða ekki.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

Fagsvið Reykjavíkurborgar og almannaþarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar er skipuð til ársloka 2022 og verður þá endurskipuð. Núgildandi viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar er dagsett 13. febrúar 2020. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan Reykjavíkurborgar. Þar að auki skal borgarstjórn yfirfara áætlunina við upphaf nýs kjörtímabils.

Kostnaður: Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Borgarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta.

3.1 Þátttaka í lýðheilsuborgarsamtökum Evrópu og skipan stýrihóps Reykjavíkur

Aðgerð:

Heilsuborgarverkefni Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar miðar að því að draga fram áherslu á lýðheilsu í borgarumhverfinu. Undanfarin þrjátíu ár hefur þar byggst upp mikil þekking á fjölmörgum lykilviðum sem máli skipta til að ná lýðheilsu- markmiðum og stuðla um leið að auknum lífs- gæðum í borgum. Með þátttöku í verkefninu lýsir borgin því yfir að hún ætli að horfa til heilsu og vellíðanar í stefnumótun borgarinnar, líkt og rík hefð er fyrir í Reykjavík og setur sér markmið í samræmi við markmið heilsuborgarverkefnisins.

Reykjavík hefur sent inn umsókn og bíður full- gildingar aðildar að samtökunum. Á meðan á því ferli stendur getur borgin þó tekið fullan þátt í starfsemi samtakanna.

Skipaður verði tengiliður og stýrihópur um þátttöku Reykjavíkurborgar í heilsuborgar- samtökum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Heilsueflandi samfélagi. Verkefni þeirra er að vinna að markmiðum og aðgerðum sem settar voru fram í aðildarumsókn Reykjavíkur, samræma þær aðgerðir við lýðheilsustefnu borgarinnar og að taka þátt í öðrum verkefnum og starfi á vegum samtakanna og í tengslum við þátttöku í Heilsueflandi samfélagi.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Miðast við fasa VII hjá heilsuborgar- samtökunum sem er til ársins 2024.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsuvísar Reykjavíkur og framfylgd aðgerða í samræmi við umsókn Reykjavíkur um aðild að heilsuborgarsamtökunum.

3.2 Faghópur um lýðheilsu

Aðgerð:

Starfandi hefur verið síðan 2016 samráðshópur um lýðheilsu í Reykjavík sem fundar mánaðarlega. Endurskipa þarf í hópinn og endurskilgreina hlutverk hans í tengslum við nýja lýðheilsustefnu.

Í hópnum skulu vera þeir verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd Heilsueflandi hverfa í þjónustumiðstöðvum borgarinnar, auk fulltrúa fagsviða, forvarnahóps, embættis landlæknis og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Verkefnastjóri frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heldur utanum hópinn sem ætlað er að hafa yfirsýn yfir heilsueflingar og forvarnastarf í Reykjavík,

framkvæmd þess og þróun með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna og lýðheilsuvísa, auk þess að styrkja tengslanet þeirra sem að málaflokknum koma. Haldnir séu mánaðarlegir fundir, en ekki þarf að kalla allan hópinn til í hvert sinn heldur skal boðað til funda eftir þörfum hverju sinni. Hópurinn skilar árlegri stöðuskýrslu og sinnir hlutverki stýrihóps Heilsueflandi samfélags, styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaáætlunar hennar. Hópurinn verði jafnframt ráðgefandi fyrir svið borgarinnar í málefnum á sviði lýðheilsu.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Fagsvið Reykjavíkurborgar, Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

Markhópur: Starfsfólk og starfsemi Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu.

Áætluð verklok: Hópurinn verði skipaður til a.m.k. 2 ára.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsuvísar Reykjavíkur.

3.3 Heilsa og líðan eftir Covid – Starfshópur um greiningu gagna um heilsu og líðan

Aðgerð:

Sviðsstjóra velferðarsviðs hefur verið falið að skipa starfshóp skipaðan fulltrúum forvarnarhóps Reykjavíkurborgar, fulltrúum þeirra starfsmanna sem sinna verkefninu „Heilsueflandi samfélag” og fulltrúum úr félagsstarfi Reykjavíkurborgar.

Hópnum verði falið að greina niðurstöður fyrir- liggjandi gagna um heilsu og líðan íbúa. Vakta þarf þær breytur sem mikilvægt er að vakta og bregðast við þeim neikvæðu þáttum sem rekja má að hafi hafist með Covid-19, en taka ekki breytingum með jákvæðari þróun faraldursins.

Samstarf verði haft við skóla- og frístundasvið og íþróttá- og tómstundasvið um verkefnið en fulltrúar þessara sviða eiga fulltrúa í forvarnarhópi Reykjavíkurborgar. Aðgerðaáætlun verði lögð fyrir Velferðarráð ef það er mat hópsins að grípa þurfi til sértækra aðgerða.

Ábyrgð: Velferðarsvið í samstarfi við skóla- og frístundasvið, íþróttá- og tómstundasvið og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Sbr. skipunartími starfshópsins.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Skil skýrslu og tillagna hópsins.

3.4 Lýðheilsuvísar og mælaborð borgarbúa

– Kortlagning og þróun

Aðgerð:

Þróun og innleiðing lýðheilsuvísa og og birting þeirra í mælaborði borgarbúa. Lýðheilsuvísar voru fyrst gefnir út af Reykjavíkurborg árið 2019 og eru notaðir til að undirbyggja stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg sem skal vera gagnadrifin.

Vísana skal gefa út árlega, og þeir þróaðir eins og þörf krefur. Ekki eru allir lýðheilsuvísar sem safnað er birtir út á við, sumir eru eingöngu nýttir í innra starfi borgarinnar. Leitast er við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík og að birta ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstök hverfi eða skóla, eða persónugreinanlegar upplýsingar. Lögð er áhersla á vísa sem hafa tengsl við verk- og valdsvið borgarinnar og stefnumótun í málaflokknum.

Bæta þarf gagnaöflun um heilsu og líðan eldra fólks í borginni. Stefnt skal að því að bæta inn í lýðheilsuvísa Reykjavíkur völdum vísam sem snúa að eldri borgurum sérstaklega og árið 2021 verða gefnir út sérstakir lýðheilsuvísar fyrir þennan hóp. Einnig stendur til að velja ákveðna mælikvarða sem tengjast aðgerðum lýðheilsustefnunnar (t.d. heilsa, líðan, svefn, einmanaleiki) sem hægt verður að uppfæra mánaðarlega á mæliborði borgarbúa.

Lýðheilsuvísarnir, mælaborðið og gátlistar HSAM verða helstu mælikvarðar á aðgerðir lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar. Jafnframt þarf að skilgreina birtingu mælikvarða sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi og aðlaga þá að mælikvörðum lýðheilsustefnu, ISO-37120 og mælaborði borgarbúa.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Fagsvið Reykjavíkurborgar, Embætti landlæknis, Rannsóknir og greining.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Birting lýðheilsuvísa í mælaborði og árleg útgáfa þeirra.

3.5 Lýðheilsumat Reykjavíkur

- Þróun og innleiðing

Aðgerð:

Þróun og innleiðing á lýðheilsumati í Reykjaborg.

Fyrsta skrefið í þróuninni er að velja tilraunaverkefni um lýðheilsumat á þjónustu eða verkefni í Reykjavík í samstarfi við Embætti landlæknis og með ráðgjöf frá Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU).

Lýðheilsumat er samansafn af ferlum, aðferðum og tækjum og er ætlað að koma í veg fyrir að stefnur, áætlanir og rammar ýmiss konar hafi neikvæð áhrif á heilsu og líðan eða auki ójöfnuð til heilsu.

Lýðheilsumat er skilgreint sem mat á áhrifum stefna og aðgerða á heilsu og líðan fólks og dreifingu þessara áhrifa innan þýðisins. Tilgangurinn er að hámarka möguleg jákvæð áhrif og lágmarka möguleg neikvæð áhrif að teknu tilliti til lýðheilsu. Lýðheilsumat er til í ólíkum útfærslum sem krefjast mismikillar sérfræðiþekkingar og aðfanga. Nánar er fjallað um skilgreiningu og tegundir lýðheilsumats í viðauka.

Með lýðheilsumati eru áhrif á heilsu og líðan gerð sýnileg og ef sú staða kemur upp að fara þurfi í aðgerð sem möguleg gæti haft neikvæð áhrif á heilsu og líðan þá er mikilvægt að setja fram mótvægisaðgerðir til að draga úr þeim neikvæðu afleiðingum eins og kostur er. Áhrif stefna og verkefna á áhrifaþætti heilbrigðis eru sum hver bein og augljós meðan önnur geta verið óbein og erfitt að koma auga á. Með lýðheilsumati er reynt að sjá fyrir og draga úr neikvæðum áhrifum þar sem við á.

Ávinningur af notkun lýðheilsumats:

Lýðheilsumat eykur meðvitund á öllum sviðum um hvernig ákvarðanir geta haft áhrif á heilsu og líðan, sýnir fram á tengsl heilbrigðis og annarra málaflokka og stuðlar að samræmingu aðgerða milli geira til að efla heilsu og líðan.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis og Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU).

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Stefnt er að því að tilraunaverkefni verði framkvæmt árið 2021 og lýðheilsumat innleitt.

Kostnaður: Verði kostnaður utan fjárhagsramma verður hann lagður fyrir borgarráð til samþykkis.

Mælikvarði: Tilraunaverkefni lokið og lýðheilsumat innleitt sem verkfæri innan Reykjavíkurborgar.

3.6 Lýðheilsugátlistar í hverfisskipulagi

– Þróun og innleiðing

Aðgerð:

Þróun og innleiðing lýðheilsugátlista í hverfisskipulagi. Gátlistar um lýðheilsu og tengda þætti sem notaðir eru í hverfisskipulag verði þróaðir frekar með vísan til rannsókna um áhrif hins byggða umhverfis á heilsu og líðan í samvinnu umhverfis- og skipulagssviðs og faghóps um lýðheilsu.

Í hverfisskipulagi er mótuð stefna og settir skilmálar til að styrkja hvers kyns heilsueflingu og hreyfingu. Unnið er með lýðheilsu á nokkrum stigum, en aðalmarkmið hverfisskipulagsins er að gera hverfi borgarinnar sjálfbærari, vistvænni og meira heilsueflandi. Í þeirri vinnu er stuðst við gátlista um mat á visthæfi byggðar þar sem m.a. er lagt mat á það hvernig borgarumhverfið stuðlar að lýðheilsu og hvað aðgerðir geri hverfin meira heilsueflandi.

Gátlistanum er skipt upp í 7 lykiláherslur (sjá viðauka um lýðheilsu í starfsemi Reykjavíkurborgar).

Gátlistinn er notaður til að greina styrkleika og veikleika hverfa og þróa tillögur til úrbóta. Gátlistinn nær yfir fjölmörg atriði sem flokkast undir lýðheilsuátt. Þetta eru atriði eins og göngufjarlægðir í skóla og leikskóla, staðsetningar á matvöruverslunum og annarri þjónustu í hverfiskjörnum, fjarlægðir frá opnum svæði, biðstöðvar almenningsamgagna og fjarlægðir í grenndargám. Einnig lega hjólaleiða og staðsetningar á hjólastæðum innan hverfanna. Sérstakur skilmálaliður undir liðnum Samfélag er helgaður lýðheilsu.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.

Samstarfsaðilar: Faghópur Reykjavíkurborgar um lýðheilsu.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Júní 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsugátlistar uppfærðir.